



SÁLF2IN05(1)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almenn sálfræði
Námsáætlun

Vorönn 2024

Kennari:	Erla Brímdís Birgisdóttir (EBB) erla@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Áfanginn er kynning á sálfræði, nokkrum helstu undirgreinum hennar og aðferðum sálfræðinnar. Undirgreinar sem kynna má eru hugfræði, atferlisfræði, lífeðlisleg sálfræði, persónuleikasálfræði, félagssálfræði, þroskasálfræði, afbrigðasálfræði, dularsálfræði og tilraunasálfræði. Nemendur skulu kynnast fræðilegum og hagnýtum aðferðum sálfræðinnar; aðferðum við rannsóknir, skrifum og birtingu rannsóknarskýrslna, sálfræðimeðferð og -ráðgjöf og hvernig einstaklingur getur beitt aðferðum sálfræðinnar fyrir sjálfan sig. Setja skal efni og aðferðir í samhengi við nútíma samfélag bæði það sem er að gerast innan sálfræðinnar og sýna hvernig sálfræðin kemur daglegu lífi við.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þróun sálfræði og tengslum við aðrar fræðigreinar
- grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði
- leiðum sálfræði til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar einstaklinga
- helstu tegundum náms og algengustu námsörðugleikum
- helstu rannsóknaraðferðum í sálfræði og hagnýtu gildi sálfræðinnar

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina
- beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skilmerkilegan hátt
- skoða eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- tjá þekkingu sína munnlega og skriflega

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis
- gera sér grein fyrir samspili hugsunar, tilfinninga og hegðunar
- tjá sig skipulega um einstaka efnisþætti á gagnrýnin hátt
- geta greint mikilvægi upplýsinga og hagnýtt sér þær.
- geta gert einfalda rannsókn og skilið og greint frá niðurstöðum á skilmerkilegan hátt

Námsefni:

- *Inngangur að sálfræði* eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttir.
- ljósrit,
- annað efni sem að kennari bendir á,
- gögn á netinu o.fl.,

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 -	1. janúar - 5. janúar	<ul style="list-style-type: none"> - Kennsla hefst - Námsáætlun áfangans kynnt 	
2 - 3	8. janúar – 19. janúar	<ul style="list-style-type: none"> - Námsáætlun áfangans kynnt - - 1. kafli – Hvað er sálfræði? - 2. kafli – Þróun greinarinnar 	<p>Tímaverkefni</p> <p>Hópverkefni</p>
4 - 5	22. janúar – 2. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> - 3. kafli – Ólíkar stefnur - Annað efni frá kennara 	<p>Tímaverkefni</p> <p>Podcast-verkefni</p> <p>1. <u>próf</u></p>
6 - 7	5. febrúar – 16. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> - 4. kafli - Námssálfræði - Annað aukaefni frá kennara 	<p>Tímaverkefni</p> <p><u>Heimildaritgerð/verkefni</u></p>
8 -	19. febrúar - 23. febrúar	Vetrarfrí 19.-20. febrúar	<p>Skráp/sjúkrapróf í seinni tímanum í vikunni</p>
9 - 10	26. febrúar - 8. mars	<ul style="list-style-type: none"> - 5. kafli – Hugræn sálfræði <p>Kátir dagar 28.-29. febrúar Flóafár 1. Mars Áfangamessa 7. mars Miðannarmat 8. mars</p>	<p>Tímaverkefni</p> <p>PPT – verkefni</p> <p>2. <u>próf</u></p>

11 - 12	11. mars – 22. mars	- 6. Kafli – Rannsóknir í sálfræði Valdagur 13. mars	Rannsóknarverkefni Tímaverkefni
13 - 14	25. mars – 5. apríl	Páskafri – skóli hefst 2. apríl - 7. kafli fyrri hluti	Hópverkefni Tímaverkefni
15 - 16	8. apríl – 19. apríl	- 7. kafli seinni hluti	Tímaverkefni
17-18	22. apríl – 3. maí	- Geðraskanir - Annað efni	PPT – verkefni Tímaverkefni 3. <u>próf</u>
19 -	6. maí – 10. maí	Vinna í lokaverkefni Síðasti kennsludagur 8. maí	Skráp/Sjúkrapróf Síðustu skil á tímaverkefnum Skil á lokaverkefni

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka öll **3** aðalpróf hans og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá, þó hvetur kennari hvetur nemendur til að vera í sambandi við sig ef eitthvað kemur uppá.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	3. kaflapróf á önninni	45%
Verkefnamappa	Tímaverkefni, podcast verkefni, hópverkefni í tíma	25%
Verkefni	Heimildaverkefni/ritgerð – skilað á TurnItin	15%
Verkefni	Lokaverkefni	10%
Ástundun	Virkni, mæting og þátttaka	5%
Samtals		100%

Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og í Innu. Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.